SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sent með tölvupósti til viðburðarhúsa:

Reykjavík, dags. 5. nóvember 2026.
Tilv.: 2503020

Efni: Tilmæli og leiðbeiningar til viðburðarhúsa vegna miðasölu á viðburði.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis Félags íslenskra hljómlistarmanna (hér eftir FÍH), dags. 14. mars 2025, um mögulegar samkeppnishindranir á sviði miðasölu vegna háttsemi Tix miðasölu ehf. (hér eftir Tix). Í erindinu er byggt á því að Tix sé í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir miðasölu gegnum rafræn miðasölukerfi á viðburði þriðja aðila. Er jafnframt byggt á því að Tix kunni að hafa misnotað þá stöðu sína á markaði. Í erindi FÍH var óskað eftir því að erindið yrði tekið til formlegrar meðferðar og jafnframt að Samkeppniseftirlitið myndi beita viðeigandi úrræðum til að koma á eðlilegri samkeppni á markaðnum.

2. Í erindi FÍH var einnig kvartað yfir því að viðburðarhaldarar, sem standa fyrir viðburðum í viðburðarhúsum, geti ekki sjálfir ráðið því með hvaða hætti miðasala á viðburði fari fram. Segir FÍH viðburðarhaldara í raun vera knúna til að eiga viðskipti við Tix. Ef viðburðarhaldari þurfi að greiða háa þóknun til Tix, kunni viðburðarhúsinu að standa á sama um það, enda greiði það ekki þóknunina heldur greiðist hún af miðaverðinu. Telur FÍH eðlilegt að til skoðunar komi hvort samningar viðburðarhúsa við Tix miðasölu hindri það að viðburðarhaldarar semji við aðra en Tix.

3. Þá hefur í ábendingum verið bent á að flest stærri viðburðahús á Íslandi séu rekin að töluverðu leyti með opinberum fjárframlögum og lúti oft að einhverju leyti yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga. Af þeim sökum sé eðlilegt að slíkir aðilar leyfi viðburðarhöldurum að semja við það miðasölufyrirtæki sem þeir kjósi eða að viðburðarhúsin leiti tilboða eða haldi útboð varðandi miðasöluþjónustu í húsakynnum sínum.

4. Við meðferð málsins var viðburðarhúsum því gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og bárust umsagnir frá Hörpu tónlistarhúsi, Hofi, Þjóðleikhúsinu, Hljómahöllinni og Borgarleikhúsinu. Helstu sjónarmið viðburðarhúsanna voru á þá leið að þjónustusamningar við Tix væru ekki einkakaupasamningar að þeirra mati. Ekkert sé því til fyrirstöðu að taka upp nýtt kerfi komi annað fyrirtæki á markað sem geti uppfyllt þarfir viðburðarhúsa. Þá var því jafnframt haldið fram að það sé tæknilega margt sem geti staðið í vegi fyrir því að samið yrði við tvö eða fleiri mismunandi miðasölufyrirtæki. Þar að auki fylgi því aukinn kostnaður fyrir viðburðarhús að halda úti tveimur kerfum samtímis auk þess sem þjónustustig miðasölu gæti lækkað.

5. Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu með vísan til heimildar stofnunarinnar til þess að forgangsraða málum að ekki séu forsendur til þess að hefja formlega rannsókn á þeirri háttsemi Tix sem fjallað er um í erindi FÍH og áðurnefndri ábendingu. Í málinu liggur fyrir mat FÍH að markaðshlutdeild Tix sé á bilinu 85-100% eftir því hvaða aðferð sé beitt við matið. Þar sem Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að beina tilmælum til Tix í stað þess að taka endanlega ákvörðun um hvort forsendur séu til íhlutunar í málinu hefur eftirlitið ekki lagt formlegt mat á markaðshlutdeild Tix. Hvað sem því líður er það mat Samkeppniseftirlitsins að Tix sé líklega í markaðsráðandi stöðu á

markaði málsins og beindi af þeim sökum tilmælum til Tix sem miða að því að bæta aðstæður til samkeppni á markaðnum.

6. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki síður mikilvægt að viðburðarhúsin, sem flest eru rekin að stóru leyti fyrir opinbert fé, beiti sér til þess að bæta samkeppnisaðstæður á markaðnum.

Tilmæli til viðburðarhúsa

7. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra aðila á markaði. Með vísan til þessa telur Samkeppniseftirlitið tilefni til þess að beina tilmælum og leiðbeiningum til viðburðarhúsa um samningsgerð við miðasölufyrirtæki sem ætlað er að stuðla að því að miðasala viðburðarhúsa verði skoðuð í heildstæðu samhengi.

8. Flest viðburðarhús á Íslandi starfa að einhverju leyti í skjóli opinberrar verndar og njóta opinberra fjárframlaga, ýmist í formi styrkja eða beinna framlaga úr ríkissjóði eða frá sveitarfélögum. Aðkoma hins opinbera kallar á að vandað sé sérstaklega til verka á öllum sviðum og koma því til álita ákvæði samkeppnislaga sem varða opinberar samkeppnishindranir. Verða viðburðarhús einnig að taka mið af ákvæðum laga um opinber innkaup nr. 120/2016 við samningsgerð, hvort sem viðmiðunarfjárhæðum laganna sé náð eða ekki, en markmið laganna er að *tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinerum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu*. Brýnt er að aðilar sem bjóða viðburðarhúsum upp á vörur og þjónustu sitji við sama borð í samkeppni um viðskiptin, s.s. á grundvelli útboða eða verðfyrirspurna.

9. Ljóst er að ef eitt miðasölufyrirtæki tryggir sér einkarétt á samningum við öll helstu viðburðarhús landsins getur það leitt til mjög sterkrar markaðsstöðu viðkomandi fyrirtækis. Mæla rík samkeppnissjónarmið með því að viðburðarhús hagi samningsgerð sinni við miðasölufyrirtæki á þann veg að samningar séu tímabundnir og gildi í það minnsta ekki lengur en fimm ár hverju sinni.[1] Lengri samningar eru sérstaklega varhugaverðir og fela líklega í sér aðgangshindrun sér í lagi þegar viðsemjendur á markaðnum eru fáir. Í þessu samhengi er einnig brýnt að þarfir viðburðarhúsa séu reglulega endurskoðaðar, einkum í þeim tilvikum þegar samningur byggir ekki á opnu útboðsferli.

10. Þá telur Samkeppniseftirlitið jafnframt mikilvægt að viðburðarhús gæti þess að setja ekki aðgangshindranir fyrir nýja aðila, s.s. með því að heimila viðburðarhöldurum að velja sér miðasöluaðila sjálfir fyrir viðburði sem þeir standa að, að því gefnu að málefnalegar ástæður s.s. tæknilegur ómöguleiki eða mikill kostnaður standi því ekki í vegi. Veitir sú ráðstöfun í senn nýjum aðilum tækifæri til viðskipta en einnig skapar það virkt samkeppnislegt aðhald á milli miðasölufyrirtækja.

11. Að mati Samkeppniseftirlitsins er hætta á því að ef nýjum aðilum verði ekki veitt tækifæri til að komast inn á markaðinn geti það haft í för með sér verulega neikvæð samkeppnisleg áhrif. Að óbreyttu kæmi því tæplega til bættrar þjónustu og lægra verðs, enda stæðu opinberir aðilar í vegi fyrir innkomu nýrra aðila á markaðinn og þar með aukinni samkeppni á honum. Virðist núverandi fyrirkomulag í mörgum tilvikum jafnframt ganga þvert á þau markmið sem mælt er fyrir um í lögum um opinber innkaup nr.

[1] Fimm ára samningstími telst málefnalegur með hliðsjón af eðli þeirra hugbúnaðarsamninga sem hér um ræðir, þótt lengri samningstími geti verið réttlætanlegur þegar umfang samnings og nauðsynlegar fjárfestingar gefa tilefni til.

120/2016 sem vísað hefur verið til. Að mati Samkeppniseftirlitsins bera stærri viðburðarhús í þessu samhengi mikla ábyrgð á þróun markaðarins og því að rekstrarumhverfi í tengslum við menningarviðburði sé samkeppnisvænt.

12. Með vísan til þessa fer Samkeppniseftirlitið þess á leit við viðburðarhús að gripið verði til aðgerða til að stuðla að bættri samkeppni á miðasölumarkaði. Beinir Samkeppniseftirlitið því til viðburðarhúsa að í þeim tilvikum þegar tæknilegir þættir standa því ekki í vegi, að viðburðarhöldurum verði sjálfum veitt tækifæri til að semja við það miðasölufyrirtæki sem þeir kjósa og að samningar viðburðarhúsa bindi ekki hendur viðburðarhaldara um lykilþætti, s.s. þóknun á miðaverð. Jafnframt að nýtt verði þau tækifæri til að virkja hvata samkeppni við miðasölu sem felast í innkomu nýrra aðila inn á markaðinn, en með virkari samkeppni er stuðlað að því að notendur fái betri þjónustu á sem hagstæðustu verði. Þegar í stað verði tryggt að miðasölufyrirtæki njóti jafnræðis gagnvart núverandi samningsaðila að því er varðar samninga um miðasölu. Telur Samkeppniseftirlitið að í þeim tilvikum þegar samningur um miðasölu byggir ekki á útboði eða verðsamanburði skv. lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 að viðburðarhús kanni með reglubundnum hætti lausnir og verð annarra aðila með það að marki að virkja samkeppni á markaðnum. Að lokum er mikilvægt að útboð vegna miðasölu hafi það skýra markmið að efla samkeppni á markaðnum, en í því felst m.a. að nýjum fyrirtækjum sem uppfylla málefnaleg skilyrði og bjóða samkeppnishæft verð og þjónustu, eigi sem greiðustu leið inn á markaðinn.

13. Þess er óskað að viðburðarhúsið veiti Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um hvort og þá hvernig það hyggst fara að framangreindum tilmælum. Þess er óskað að svar berist eigi síðar en **20. nóvember nk.** Um heimild til þess að afla umbeðinna upplýsinga og sjónarmiða vísast til 19. gr. samkeppnislaga. Þess skal getið að svör kunna að verða birt opinberlega.

14. Að öðru leyti en að framan greinir mun Samkeppniseftirlitið ekki aðhafast frekar í málinu á þessu stigi. Eftirlitið áskilur sér hins vegar rétt til að taka málið til frekari athugunar á síðari stigum og beita þeim úrræðum sem kveðið er á um í ákvæðum samkeppnislaga, s.s. b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.[2]

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Brynjólfur Sigurðsson

Afrit: Tix og FÍH

[2] Samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna,